

**6. gr.**

15. gr. reglugerðarinnar verði 16. gr. hennar. Jafnframt bætist ný grein aftan við 14. gr., er verði 15 gr. og orðist svo:

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækkunar sérstaks vörugjalds hinn 5. maí 1976 og hinn 9. september 1978.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál.

**7. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 86 1. júní 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald og V. kafla laga nr. 96 8. september 1978 um kjaramál til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 8. september 1978.*

**Tómas Árnason.**

*Björn Hafsteinsson.*

29. ágúst 1978.

Nr. 333.

**REGLUGERÐ****um framhaldsdeild Heyrnleysingjaskólans.****1. gr.**

Við Heyrnleysingjaskólann skal starfa framhaldsdeild. Hlutverk hennar skal vera að veita heyrnskertum undirbúning og aðstoð við að afla sér menntunar og þjálfunar í ýmsum starfsgreinum og réttinda til sérnáms í framhaldsskólum og háskólum.

**2. gr.**

Framhaldsdeild skal gegna tvíþættu hlutverki:

- a) að veita nemendum undirbúning undir nám á þeim námssviðum sem þeir hafa valið sér
- b) að veita nemendum í framhaldsskólum aðstoð og kennslu að því leyti, sem þeir skólar geta ekki annast kennsluna.

**3. gr.**

Framhaldsdeild skal aðstoða nemendur við náms- og starfsval.

**4. gr.**

Árlegur starfstími framhaldsdeildarinnar skal vera hinn sami og almennra framhaldsskóla.

**5. gr.**

Skólastjóri Heyrnleysingjaskólans skal fyrir byrjun hvers kennsluárs gera áætlun um kennslu- og kennaraþörf framhaldsdeildarinnar og taka mið af þörfum þeirra, sem þar stunda nám. Áætlunina skal leggja fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar.

**6. gr.**

Skólinn gerir árlega kennsluáætlun er miðast við það nám sem nemandi stundar og að hve miklu leyti hann getur stundað það í öðrum skólum, enda sé hún gerð í samráði við þá skóla sem við á hverju sinni. Kennsluáætlunin sé lögð fyrir menntamálaráðuneytið til samþykktar.

**7. gr.**

Miða skal við að skólinn hafi að jafnaði til ráðstöfunar 9 kennslustundir á viku á nemanda er stundar nám í skólanum eða nýtur aðstoðar framhaldsdeildar við nám í öðrum skóla.

Ráðuneytið getur heimilað aukna aðstoð eða aukið kennslumagn umfram það sem tilgreint er í þessari grein, ef rökstutt álit sérfræðinga mælir með því.

**8. gr.**

Um kennslugögn til nemenda í framhaldsdeild, sbr. 2. gr., skal fara á sama hátt og í 9. bekk grunnskóla.

**9. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 13, 31. mars 1962 um heyrnleysingjaskóla, sbr. 1. gr. laga nr. 70, 19. maí 1978 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 29. ágúst 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*